



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, þriðjudaginn 20. apríl kl. 15:00. Valur Valsson formaður úthlutunarnefndar tilkynnir þá hvaða fyrirtæki hlýtur verðlaunin og forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir þau. Þá verður afhjúpað listaverk sem verðlaununum fylgir. Höfundur verksins er Vignir Jóhannsson.

Í dómnefnd vegna verðlaunanna sátu að þessu sinni Friðrik Pálsson frá Landsnefnd Alþjóða verslunarráðsins, Ingjaldur Hannibalsson frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Valur Valsson frá Útflutningsráði Íslands, Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Alþýðusambandi Íslands og Örnólfur Thorsson frá embætti forseta Íslands.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna. Æskilegt er að þeir mæti í tæka tíð og taki tillit til þess í klæðaburði að um hátíðlega athöfn er að ræða.

*20. apríl 2010*

*Nánari upplýsingar veita Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Lilja Viðarsdóttir (824 4380) hjá Útflutningsráði.*